

## **Kennsluáætlun**

**Leiklist /kortagerð.**

**Haust 2024 4.vikur**

**Kennarar: Ása Hlín / Lilianne /Hugrún.**

### **Lýsing á námslotu:**

Í þessari handverks/lista lotu er efniviðurinn Landnám Íslands en fagið er leiklist. Kennari leggur til handrit gert upp úr frásögn um landnám Ingólfs og Hallveigar. Texta persóna og sögumanna er skipt niður á milli nemanda og síðan eru leikæfingar á leikgerðinni. Hliðarverkefni er unnið með Lilianne og Hugrúnu kennara nema og verkefnið þar er að útbúa svarta péturs spilastokk með persónum landnámsins og öllum þeim fylgihlutum sem landnámsmennirnir þurftu að hafa á ferðum sínum og þegar land var numið á nýjum slóðum.

### **Verkefni:**

- Leiksýning á landnámi Hallveigs og Ingólfs
- Spilastokkur gerður út frá landnáms vinnunni.

### **Hæfniviðmið**

#### **Að nemandi geti..**

- tekið virkan þátt í leikrænu ferli með bekkjarsystkinum, sýnt tillitssemi og virðingu.
- lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur.
- beitt einföldu formi leiklista.

### **Kennsluaðferðir**

- Leikræn tjáning
- framsagnaræfingar

### **Námsmat, litið er til þessara þátta:**

- Virkni og þátttaka í tímum
- framsögn og leikræn tjáning.
- frammistaða á leiksýningu
- samvinna og framkoma við kennara og samnemendur.